

**Nr. 126/ 15 Guðmundur í Nesi RE 13*****Skipverji slasast við togveiðar***

Skipaskr.nr. 2626      *IMO nr.*  
Smíðaður: Langsten Slip & Baatbyggeri árg. 2000  
Stærð: 1315 brl. 2464 brt.  
Mesta lengd: 66 m      *Skráð lengd:* 59,43 m  
Breidd: 14 m      *dýpt:* 8,6m  
Vél: Wartsila 5,520 kw árg: 2000  
Fjöldi skipverja: 18



Guðmundur í Nesi©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Lögregluskýrsla  
Gögn RNSA

*Lokaskýrsla afgreidd á fundi þann 5. desember 2016 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrason, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 10. desember 2015 var Guðmundur í Nesi RE 13 á togveiðum á Torginu. Veður: NA 18 m/s.

Þegar trollið var tekið inn á öðrum grandaravírnum var notaður sérstakur keðjuvasi til að hægt væri að nota bæði grandaraspilin. Við hífinguna gekk vírin til í rennunni með þeim afleiðingum að skipverji klemmdist á milli hans og þils í rennunni. Skipverjinn slasaðist á fótum og var ákveðið að senda hann með öðru skipi í land.

***Við rannsókn kom fram:***

- að grandaravírinn lá út stjórnborðsmegin í rennunni;
- að skipstjórinn var beðinn um að beygja yfir í bakborða þar sem skipverjar voru hræddir um að seinni grandaravírinn myndi slitna;
- að skipverjinn fór bakborðsmegin við grandaravírinn til að færa til keðjuvasann á honum;
- að skipverjinn var í talstöðvarsambandi við brú og átti að hafa upplýsingar um hvaða aðgerðir voru í gangi að mati skipstjórans.

***Nefndarálit:***

Orsök slyssins má rekja til fljótfærni hjá skipverjanum.